

Minnisblað fyrir íbúafund - varðandi ágangs sílamáfa í Sjálandshverfi

1. Í gildi eru villidýralög (lög nr. 64/1994) sem gilda alls staðar á landinu. Auk þeirra eru sérstakar reglur sem gilda á friðlýstum svæðum. Villidýralögin heimila að steipt sé undan máfum/stinga á egg og gilda þau á svæðum sem ekki eru friðlýst.
2. Gálgahraun var friðlýst sem friðland 6. október 2009. Forsendur friðlýsingarinnar eru jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar. Í friðlýsingarskilmálum Gálgahrauns er átt við allt fuglalíf í friðlandinu og þar segir að „óheimilt er að trufla dýralíf“. Þannig að, samkvæmt friðlýsingarskilmálunum er ekki leyfilegt að steypa undan máfum (/stinga á egg) í friðlandi Gálgahrauns.
3. Umsóknarferill varðandi undanþágu um heimild til að fá að stinga á egg sílamáfa í Gálgahrauni. Ástæðan er að bærinn vill fá leyfi til að fækka sílamáf á svæðinu, með því að stinga á egg máfa til að draga úr varpárangri og samhliða að reyna að ýta varpinu lengra inn í Gálgahraunið.
 - 15. maí 2020 sendi Garðabær fyrirspurn til Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og óskaði eftir heimild til að stinga á egg máfa í friðlandi Gálgahrauns og á öðrum náttúrusvæðum bæjarins til að stemma stigu við fjölgun máfa.
 - 18. maí 2020 svaraði Umhverfisstofnun að stofnunin gæti ekki gefið leyfi fyrir aðgerðum sem brjóta gegn friðlýsingaskilmálum. Það sem Garðabær þyrfti að gera væri að sækja um undanþágu frá friðlýsingaskilmálunum til Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.
 - 8. apríl 2022 sendi, þáverandi bærarstjóri Garðabæjar, beiðni um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gálgahrauns til Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.
 - 26. apríl 2022 áframsendi ráðuneytið umsóknina til Umhverfisstofnunar.
 - 3. maí 2022 óskaði Umhverfisstofnun eftir að Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn um umsókn Garðabæjar.
 - 13. maí 2022 skilaði Náttúrufræðistofnun neikvæðri umsögn og stofnunin mælti ekki með að undanþága frá friðlýsingarskilmálum yrði veitt.

4. Svar Náttúrufræðistofnunar frá 13. maí 2022 - vegna beiðni Garðabæjar um að fá undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gálgahrauns og leyfi til að fækka sílamáf á svæðinu með því að stinga á egg til að draga úr varpárangri. Ástæða beiðninnar er ónæði frá sílamáfum í íbúabyggð í nágrenni Gálgahrauns.

- „Nýlegar upplýsingar vantar um stofnstærð sílamáfs á helstu varpstöðvum á Suðvesturlandi og því erfitt að spá fyrir um hvaða áhrif staðbundnar aðgerðir myndu hafa. Náttúrufræðistofnun hefur því ekki mikla trú á að þessar áætluðu aðgerðir um að stinga á egg í hreiðrum í hluta Gálgahrauns muni skila árangri við að fækka sílamáfi við Arnarnesvog.“
- „Varpið í Gálgahrauni er einungis eitt af varpsvæðum sílamáfs á höfuðborgarsvæðinu og stærsta varpið er á Rosmhvalanesi þaðan sem fuglar ferðast vítt og breitt um sunnanverðan Faxaflóa. Því er ólíklegt að máfinum muni fækka við þessar staðbundnu aðgerðir því sílamáfar geta farið víða og geldfugl sérstaklega heldur sig ekki endilega næst varpstöðvum.“
- „Mögulegt er að aðgerðin geti skilað árangri við að tilfærsla verði á varpinu ef það er markmið, en væntanlega þyrfti að fylgja því eftir einhver ár fram í tímann.“
- „Til að draga úr ágangi sílamáfa næst híbýlum fólks má huga betur að frágangi úrgangs og meðhöndlun matvæla utandyra (t.d. á svölum og í görðum) því það er það sem laðar að sílamáfa og aðra fugla.“
- „Samneyti við villta náttúru er hluti af veruleika sem horfast þarf í augu við og því geta fylgt árekstrar og ónæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að sveitarfélög miðli upplýsingum til almennings um þetta, að þéttbýli útilokar ekki nánd við villt dýr og að sýna þurfi lífsbaráttu þeirra skilning. Náttúrufræðistofnun mælir því ekki með að undanþágan sé veitt.“

5. Skapast hefur óánægja meðal hluta íbúa í Sjálandshverfi vegna ágangs sílamáfa, sem að mati íbúa hefur aukist undanfarin ár og veldur íbúum óþægindum.

Íbúar í Sjálandi spyrja hvað Garðabær ætli að gera og kalla eftir aðgerðum bæjarins.

6. Hvað hefur bærinn verið að gera til að stemma stigu við ágangi sílamáfa?

- Starfsmaður þjónustumiðstöðvar sem er vanur veiðimaður hefur síðan 2020 stungið á egg sílamáfa í Garðaholti. Stungið hefur verið á egg sílamáfa ca. þrisvar sinnum eða oftari yfir sumarið. Einnig hefur verið stungið á egg á svæði í móanum við Arnarnesveg.
- Til að draga úr ágangi sílamáfa næst stofnunum hafa bæjarstarfsmenn verið vakandi fyrir ófullnægjandi frágangi úrgangs. Þeir hafa m.a. komið því áleiðis að opið ílát fyrir lífrænar matarleifar við leikskóla var fjarlæggt. Opin ílát eru mikið aðdráttarafl fyrir sílamáfa.



7. Hvað ætlar bærinn að gera til að stemma stigu við ágangi sílamáfa?

- Meindýraeyðir mun á næstunni líma fuglagadda á alla ljósastaura í Sjálandi til að máfar geti ekki hafst við á staurunum. Þetta var líka gert árið 2017 en þá við Prýðahverfi og við Hraunsholtsbraut.



- Garðabær mun halda fræðslu- og upplýsingafund fyrir íbúa bæjarins í Sjálandsskóla 12. apríl 2023. Markmið fundarins samræmist ráðleggingum Náttúrufræðistofnunar sem er að reyna að sætta íbúa með upplýsingagjöf og fræðslu í þeirri von að þeir geti búið í námunda við Gálgahraun og Arnarnesvog í sátt og samlyndi við náttúruna sem þar er.

Til upplýsinga:

- Í gömlum möppum frá fyrrverandi garðyrkjustjóra Garðabæjar kemur fram að öflug veiði var á sílamáfum á árunum 2005-2009 á Garðaholti og í Gálgahrauni áður en það var friðlýst 2009. Veiðarnar fóru fram vegna fjölda kvartana frá íbúum þá sérstaklega í nýbyggingarhverfum Ásahverfis í nálægð við Gálgahraunið og Akrahverfis sem þá var mikið varpland máfa. Í gögnunum kemur ekki fram hvernig þessi eyðing fór fram en líklega fólst hún í því að meindýraeyðir notaði skotvopn. Veiðarnar hafa líklegast haft áhrif því kvörtunum frá íbúum fækkaði
- Í gögnum One skjalakerfisins frá 2007 er að finna fyrirspurnir frá íbúa vegna ágangs máfa við strætóstoppistöðvarnar á móts við Aratún. Þáverandi garðyrkjustjóri svarar að meindýraeyðir hafi veitt 650 sílamáfa yfir sumarið.
- Eyðing sílamáfa var felld niður í niðurskurði til fjárveitinga 2010-2011.
- Samkvæmt fundargerð frá umhverfisnefnd 2013 var ekki fallist á eyðingu sílamáfa það ár. Nefndin var sammála um að ekki þýddi að einstaka sveitarfélög hröktu sílamáfa frá sér því þeir setja sig þá niður á öðrum svæðum.
- Umhverfisnefnd hefur fengið fyrirspurnir reglulega frá íbúum Sjólandshverfis vegna máfa síðan 2019.
- Bréf frá íbúum í Sjólandshverfi sem var sent til þáverandi bæjarstjóra var tekið fyrir á bæjarráðsfundi haustið 2019. Í bréfinu fóru íbúar fram á að bæjaryfirvöld gripu til aðgerða til að uppræta máfa í nágrenni Sjólands m.a. til að vernda annað fuglalíf. Bæjarráð vísaði bréfinu til umhverfisnefndar sem tók erindið til umfjöllunar.
- Niðurstaða umhverfisnefndar var að farið yrði í aðgerðir til að stemma stigu við fjölgun máfa í Arnarnesvogi að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands um aðgerðir
- Send var fyrirspurn árið 2020 til Náttúrufræðistofnunar á þáverandi forstöðumann vistfræði- og ráðgjafadeildar. Hann svaraði ekki erindinu formlega heldur kom með hugleiðingar um sambýli mannfólks og fugla. Í framhaldi af bréfinu sagði hann í símtali að Náttúrufræðistofnun væri ekki leyfisvald heldur ráðgefandi stofnun og benti á að Garðabær sendi fyrirspurnina til Umhverfisstofnunar sem er stjórnvald og leyfisveitandi.

- Eftir að ljóst var að sækja þurfti sérstaklega um undanþágu til Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til að fækka sílamáfi í friðlandi Gálgahrauns, var ákveðið að fara ekki í frekari aðgerðir í friðlandinu heldur stinga á egg á þeim svæðum sem ekki eru friðlýst.
- Þann 31. ágúst 2021 hélt Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fund með forsvarsmönnum nokkurra húsfélaga í Sjálandshverfinu í Garðabæ að ósk íbúa. Samkvæmt lögum hefur Heilbrigðiseftirlitið ekkert með þennan málaflokk að gera. Að ósk íbúa tók heilbrigðiseftirlitið saman minnisblað um fundinn og sendi til umhverfisnefndar og framkvæmdarsviðs Garðabæjar.
- Á fundi umhverfisnefndar 8.mars 2023 lagði nefndin til að haldinn yrði íbúafundur í lok mars vegna ítrekaðra kvartana íbúa vegna ágangs sílamáfa í Sjálandshverfi við Arnarnesvog